

Nd.

552. Frumvarp til laga

[35. mál]

um breyting á lögum nr. 41/1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 20. marz.)

1. gr.

2. málsgr. 3. gr. laganna orðist þannig:

Ríkissjóður greiðir stofnkostnað heimavistarskóla barnafræðslustigs að þremur fjórðu hlutum, en stofnkostnað heimavistarskóla gagnfræðastigs og húsmæðraskóla að níu tíundu hlutum.

2. gr.

15. gr. laganna orðist þannig:

Þegar heimavistarskóli gagnfræðastigs eða húsmæðraskóli nýtur ekki jarðhita til upphitunar, greiðir ríkissjóður níu tíundu hluta upphitunarkostnaðar.

3. gr.

2. málsgr. 16. gr. laganna orðist þannig:

Annan kostnað af skólahaldi gagnfræðastigsskóla og húsmæðraskóla en þann, sem sérstaklega hefur verið talinn, greiðir ríkissjóður þannig: Vegna heimangönguskóla að hálfu, en sveitarfélög að hálfu — vegna heimavistarskóla greiðir ríkissjóður að níu tíundu hlutum, en sveitarsjóður einn tíunda hluta.

4. gr.

17. gr. laganna orðist svo:

Leigutekjur af húsnæði eða öðrum eignum skóla, annarra en heimavistarskóla gagnfræðastigs og húsmæðraskóla, skiptast milli ríkissjóðs og sveitarfélaga í sömu hlutföllum og aðilar greiða stofnkostnað.

Aðrar tekjur, sem til kunna að falla vegna skólahalds, renna að einum fjórða hluta í ríkissjóð og að þremur fjórðu hlutum til sveitarfélaga, að því er tekur til barnaskóla, en að hálfu í ríkissjóð og að hálfu til sveitarfélaga, að því er tekur til heimangönguskóla gagnfræðastigs.

Tekjur heimavistarskóla gagnfræðastigs og húsmæðraskóla ganga óskiptar til greiðslu rekstrarkostnaðar þeirra.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 18/1958.